



Kópavogi, 16. nóvember 2022
2211271/020.00 BR

Efni: Erindi Indriða Inga Stefánssonar um aðgengi gangandi og hjólandi við Elliðavatn.

Erindi: Íbúar í grenndinni hafa verið að óska eftir úrbótum og má í því samhengi vísa í erindi sem sent var inn í Okkar Kópavogur. Það er mikilvægt að tryggja aðgengi gangandi að vatninu sem og að greiða fyrir umferð hjólandi.

Í þessu má vísa til heimsmarkmiða: 3 sem varðar heilsu og vellíðan sem mætti stuðla að með því að skapa hvatningu og forsendur fyrir umferð hjólandi sem hefur sýnt sig auka heilsu fólks. 11 Um sjálfbær ökutæki.

Svar: Fyrst ber að nefna að Kópavogsbær á ekki land sem liggur að Elliðavatni heldur liggur Elliðavatn annarsvegar að landi Reykjavíkur til austurs og norðurs og landi Vatnsenda til vesturs og suðurs. Fornahvarf sem liggur innan landamarka Vatnsenda er að mestu leiti gamli vegurinn sem lá um Vatnsenda frá Breiðholtsbraut í norðri og að Vífilstaðavatni í suðri um hina svokölluðu flóttamannaleið. Sjá landamörk á mynd 1 á næstu síðu.

Engir afmarkaðir göngustígar eru meðfram Fornahvarfi en reiðstígur liggur vestan við götuna á landi Kópavogs. Talsverður ami er af reiðstígunum og kvarta íbúar í aðliggjandi húsum undan rykmengun þegar þurrt er í veðri. Útbúin hefur verið tillaga um að reiðstígurinn verði færður austan við Fornahvarf, gatan lítilega færð til vesturs og göng- og hjólastígur gerður þar sem nú er reiðstígur. Hægt er að sjá hluta úr tillögunni á myndum 2 og 3 á næstu síðum.

Þar sem Fornahvarf liggur innan lóðarmarka Vatnsendalands verður að fá leyfi landeiganda fyrir framkvæmdum innan lóðar en rekið hefur verið dómsmál á öllum dómsstigum um eignarhald Vatnsendalands um árábil þó að svo virðist að sú flækja sé að leysast þó að sá sem þetta skrifar sé ekki að fullu ljóst hver staðan nákvæmlega er nú. Til að greiða fyrir umferð gangandi hefur staðið til að koma á fót göngutengingu um opið svæði á milli Dimmuhvarf og Melahvarfs en andstæða og mótmæli nokkurra íbúa við götuna hafa tafið þær fyrirætlanir.

Fáist leyfi landeiganda fyrir breytinga á veginum þarf að breyta deiliskipulagi og kynna breytingar fyrir íbúum. Fáist deiliskipulagið samþykkt má áætla að kostnaður við breytingu á Fornahvarfi sé á bilinu 75-150 miljónir króna gróft áætlað.

Virðingarfyllst,



Kópavogsbær
Umhverfissvið


Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar



Mynd 1. Landamörk við Elliðaavatn.



Mynd 2. Tillaga að fyrirkomulagi Fornahvarfs með reiðstíg austan megin og göngu- og hjólastíg vestan megin.



Mynd 3. Þversnið milli Grundarhvarf 2a og Fornahvarf 6 samkvæmt tillögunni.